

## 9. gr.

71

Hér með er úr gildi fellt erindisbréf fyrir fiskimatsmenn frá 7. apríl 1922<sup>3</sup> júlí og önnur ákvæði, sem síðar hafa verið sett um starf þeirra.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júlí 1933.*

**Magnús Guðmundsson.**

*Vígfús Einarsson.*

## R É G L U G E R Ð

72

9. maí

um stjórn veiðimála og eftirlit með veiði.

## 1. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirumsjón allra veiðimála.

## 2. gr.

Til aðstoðar ráðherra um stjórn veiðimála skal vera veiðimálanefnd og fiskiræktarráðunautur, sem er starfsmaður Búnaðarbanka Íslands.

## 3. gr.

Veiðimálanefnd skal skipuð eins og fyrir er mælt í 76. gr. laga nr. 61/1932, um lax- og silungsveiði, og skal hún starfa eftir þeim lögum.

## 4. gr.

Fiskiræktarráðunautur skal hafa á hendi öll þau störf og verkefni, sem veiðimálastjóra eru falin í lögum nr. 61/1932, með þeim undantekningum, er nú skal greina:

1. Tillögur um undanþágu frá banni við veiði í ósum ár eða stöðuvatna, samkvæmt 15. gr. 1.—3. málsgrein.
2. Tillögur um veiðitíma samkvæmt 16. gr.
3. Tillögur um veiðiskirteini samkvæmt 20. gr.
4. Tillögur um stytting friðunartíma samkvæmt 22. gr.
5. Meðmæli með stofnun fiskiræktarféлага samkvæmt VIII. kafla.

## 5. gr.

Störf þau, sem eftirlitsmönnum við veiðivötn eru ætluð samkvæmt 77. gr laga nr. 61/1932, skulu falin hreppstjórum í þeim hreppum, sem liggja að veiðivötnum.

- 72** Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt 95. gr. laga nr. 61/1932, um  
9. maí lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftir-  
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. maí 1933.*

**Þorsteinn Briem.**

*Vigfús Einarsson.*

- 73**  
2. júní

## S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Reykjavík  
frá 5. janúar 1923.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda sölubúð-  
um opnum til miðnættis. Næsta laugardag á undan þessum degi skal heimilt  
að halda sölubúðum opnum til kl. 10 síðdegis. Ennfremur skal heimilt að  
halda sölubúðum opnum til kl. 10 síðdegis einn virkan dag til viðbótar í vik-  
unni næstu fyrir jólin eftir ákvæðum lögreglustjóra.

4. mgr. sömu greinar orðist þannig:

Á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skal á laugardögum loka sölubúðum  
eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

2. gr.

3. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmán-  
uði mega engar sölubúðir vera opnar.

Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á  
hádegi, ef þessa daga ber upp á virka daga.

3. gr.

4. gr. samþykktarinnar breytist þannig að fyrir 2. ágúst komi: fyrsta  
mánudag í ágústmánuði.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar sam-  
kvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi  
þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. júní 1933.*

**Þorsteinn Briem.**

*Vigfús Einarsson.*